



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2014

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að efla lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði (13. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa og hrinda í framkvæmd tilgreindum aðgerðum í því skyni að efla lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði.

Viðskiptaráð tekur undir nokkur markmiða þingsályktunartillögunnar, en í henni eru meðal annars lagðar til aðgerðir sem eru til þess fallnar að auka fjárfestingu í tækni- og hugverkafyrirtækjum. Að mati ráðsins er réttlætanlegt að styðja við nýsköpun. Þó telur ráðið að útfæra megi aðgerðirnar sem nefndar eru í þingsályktunartillögunni með öðrum hætti.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að fjármála- og efnahagsráðherra undirbúi og flytji frumvarp þar sem kveðið verði á um að heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum verði auknar. Samkvæmt gildandi lögum getur lífeyrissjóður fjárfest fyrir allt að 20% af hreinni eign sinni í óskráðum verðbréfum en í þingsályktunartillögunni er lagt til að sú heimild verði hækkuð upp í 25% og geti heimildin jafnvel verið tímabundin. Að mati Viðskiptaráðs væri slík lagabreyting til bóta. Gæti hækkun á heimildinni meðal annars verið til þess fallin að auka aðgengi nýsköpunar- og sprotafyrirtækja að fjármagni.

Einnig er lagt til að sértækum ívilnunum verði beitt vegna nýfjárfestinga. Fyrir liggur að iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi. Viðskiptaráð mun koma sjónarmiðum sínum varðandi útfærslu á slíkum ívilnunum á framfæri í umsögn um það þingmál á komandi vikum.

Til viðbótar kemur sú tillaga fram í þingsályktunartillögunni að byggja skuli upp upplýsingaveitu um tækni- og hugverkafyrirtæki sem leita eftir fjárfestum. Væri slíkri upplýsingaveitu einnig ætlað að miðla upplýsingum um skattalega hvata vegna fjárfestinga einstaklinga í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Viðskiptaráð gerir athugasemd við þessa tillögu. Ráðið telur það ekki vera í verkahring stjórnvalda að miðla upplýsingum á milli fyrirtækja og fjárfesta, enda hafa aðilar á markaði hingað til séð um slíka upplýsingamiðlun sjálfir. Því ætti ekki að verja opinberum fjármunum í uppbyggingu upplýsingaveitu sem þessarar. Viðskiptaráð hefur talað fyrir umfangsmeiri söfnun og birtingu hagtalna og lagt til að

Hagstofunni verði gert kleift að afla og birta mun víðtækari og ítarlegri gögn um íslenskt efnahags- og atvinnulíf.¹ Að mati ráðsins ættu upplýsingar um nýsköpunarfyrirtæki að vera hluti af gagnaöflun Hagstofunnar.


Í þingsályktunartillögum er einnig lagt til að fjármála- og efnahagsráðherra undirbúi og flytji frumvarp til laga um skattaívilnanir vegna fjárfestinga í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Viðskiptaráð telur slíkar skattaívilnanir vera óæskilegar. Framleiðni smærri fyrirtækja er að meðaltali lægri en stærri fyrirtækja (mynd 1). Því eru skattalegir hvatar til handa smærri fyrirtækjum umfram þau stærri til þess fallnir að draga úr framleiðni atvinnulífsins. Í því samhengi er því eðlilegt að allir sitji við sama borð, óháð stærð.

Mynd 1

Stærri fyrirtæki skapa meiri verðmæti á hvern starfsmann en þau smærri. Því eru takmörkuð efnahagsleg rök fyrir skattalegum hvötum fyrir litil og meðalstór fyrirtæki

Framleiðni fyrirtækja eftir fjölda starfsmanna

Þús. evra á starfsmann, meðaltal í Evrópu (2008)¹



¹ Allar atvinnugreinar að undanskildum fjármála-fyrirtækjum
Heimildir: Eurostat; Viðskiptaráð Íslands

Viðskiptaráð telur þó að færa megi rök fyrir skattalegum hvötum til að auka fjárfestingar í nýsköpun hérlandis. Það megi gera á þeim forsendum að markaðsbrestur (e. market failure) sé til staðar þegar kemur slíkum fjárfestingum. Með því er átt við að þeir sem fjárfesti í nýsköpunarfyrirtækjum skapi einnig þjóðfélagsleg verðmæti sem þeir njóti ekki ávinningsins af sjálfir. Fjárfestar taki þessi jákvæðu ytri áhrif (e. positive externality) ekki með í reikninginn við eigin fjárfestingarákvarðanir og setji því minna fé í slík fyrirtæki en sé þjóðfélagslega hagkvæmt. Skattalegir hvatar geti dregið úr þessari skekkju. Slíkir hvatar þurfa þó að vera skýrt afmarkaðir við nýsköpun og ættu ekki að mismuna fyrirtækjum eftir stærð.²


Viðskiptaráð fagnar því að í þingsályktunartillögum sé gert ráð fyrir að skattalegir hvatar nái einnig til þeirra sem fjárfesta í fyrirtækjum í gegnum fjárfestingarsjóði, að því gefnu að um nýsköpunarfyrirtæki sé að ræða. Fjárfesting í nýsköpunarfyrirtækjum er áhættusöm og miklar líkur eru á því að fjárfesting í einstökum fyrirtækjum geti jafnvel orðið að engu eins og mýmörg dæmi eru um, jafnt hérlandis sem erlendis. Með því að leyfa einstaklingum að dreifa áhættu sinni í gegnum sjóði mætti draga úr hættu á því að einstaklingar verði fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni vegna slíkra fjárfestinga (mynd 2).

¹ Sjá Hugmyndahandbók Viðskiptaráðs sem gefin var út í tengslum við Viðskiptaþing í febrúar 2013. Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skyrslur/1544/>

² Sjá skoðun Viðskiptaráðs frá maí 2014: "Hvatar til nýsköpunar: Rétt útfærsla skiptir sköpum". Slóð: http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skodanir/ny_skodun_skattalegir_hvatar_til_nyskopunar/

Mynd 2

Áhætta einstaklinga af fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum lækkar um allt að 60% með fjárfestingu í sjóðum í stað kaupa í einstökum félögum



Heimildir: Eiton og Gruber (1977); Viðskiptaráð Íslands

Til viðbótar við ofangreint er lagt til í þingsályktunartillögunni að tryggingagjald verði lækkað. Viðskiptaráð telur rétt að lækka tryggingagjaldið. Ávinningur lægra tryggingagjalds skilar sér sérstaklega vel til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja, enda er stærsti hluti kostnaðar þeirra í formi launa. Benda má á að tryggingagjald er skattur sem leggst á fyrirtæki óháð því hvort hagnaður eða tap er af rekstri þeirra og getur þannig skapað þeim þungar byrðar. Þá kann lækkun tryggingagjalds að skapa rými fyrir fyrirtæki að ráða fleira starfsfólk með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á efnahagslífið.

Í þingsályktunartillögunni er auk þess lagt til að mennta- og menningarmálaráðherra undirbúi og hrandi í framkvæmd aðgerðaráætlun um eflingu verk- og tæknináms á Íslandi. Markmið áætlunarinnar yrði, samkvæmt greinargerð tillögunnar, að fjölga nemendum sem stunda verk- og tækninám hér á landi til að svara aukinni eftirspurn atvinnulífsins eftir starfsfólki með slíka menntun. Viðskiptaráð tekur undir þessa tillögu, enda er verulegur skortur á mannauði með verk- og tæknimenntun hérlendis.

Til viðbótar við þær tillögur um menntun sem nefndar eru í þingsályktunartillögunni mætti auka sveigjanleika í framboði og eftirspurn vinnuafis með auknu samstarfi við atvinnulíf og bættum hvötum. Til að bæta námsframboð, með áherslu á að tryggja nemendum í verk- og tækninámi jafna möguleika til framgangs í námi og bóknámsgreinum, ætti að skapa opinberum háskólum aukna hvata til að fá atvinnulífið til liðs við sig við mótun þeirra námsbrauta sem tengjast og styðja við vaxandi atvinnugreinar. Einnig mætti hvetja atvinnulífið til að fjármagna háskólastarf í auknum mæli með því að gera framlög til þess frádráttarbær frá skatti. Loks mætti auka kostnaðarþátttöku nemenda á háskólastigi með upptöku skólagjalda í opinberum háskólum. Með þeim hætti væru nemendur frekar hvattir til að velja námsleiðir sem veita þeim þá færni sem atvinnulífið sækist eftir. Lánasjóður íslenskra námsmanna myndi áfram tryggja að kostnaður vegna náms yrði ekki aðgangshindrun.

Viðskiptaráð tekur því undir markmið þingsályktunartillögunnar að nokkru leyti en leggur til að hún verði endurskoðuð með tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,

Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands